

**Mál nr. 19/2008**

**M  
og  
Vátryggingafélagið x v/ húftryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar vegna umferðaróhapps.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 1.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.2.2008, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Síðdegis þann 11.5.2007 ók M bifreið sinni A norður Heydalsveg. Er bifreiðin var komin yfir einbreiða brú á Stampafossgilsá valt hún og skemmdist verulega. M slasaðist við veltuna, en við rannsókn málsins mældist alkóhól í þvagi hans yfir 3,1 prómill og í blóði hans 2,69 prómill.

M kvaðst hafa ekið á 60-70 km hraða á klst. og dregið örlítið úr hraða er hann kom að brúnni, en gefið svo aftur í er hann var kominn yfir hana. Þá hafi hann lent í lausamöl og við það hafi hann misst stjórn á A með þeim afleiðingum að hún lenti utan vegar. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis áður en hann hóf akstur. Við veltuna hafi hann rotast, blætt hafi úr höfði og að auki misst meðvitund einu sinni aftur. Hann hafi ætlað að ganga í átt að veginum en gengið í öfuga átt. Hann kvaðst hafa reynt að matast en kastað öllu upp. Þá hafi hann fundið að hann væri að nýju að missa meðvitund og því lagst niður á milli þúfna með fætur upp í loft. Hann hafi svo staðið upp og verið rennandi blautur þar sem hann hafði lagst í poll á milli þúfnanna. Hann hafi fyllst vonleysi og til að ná úr sér kuldinum hafi hann ákveðið að fá sé vodka úr hálf lítra pela sem hann hafði meðferðis. Við það hressist hann og fannst blóð hætta að drjúpa úr höfðinu og hann hugsa skýrar auk þess sem kuldinn hvarf. Hann kvaðst hafa drukkið úr u.þ.b. hálfum pelanum.

A var húftryggð hjá X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna tjónsins. X hefur á hinn bóginn neitað bótaskyldu.

**Álit.**

Ekki eru bornar brigður á niðurstöður fyrrgreindra alkóhólsmælinga. Samkvæmt þeim var M óhæfur til að stjórna bifreiðinni, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997 um breyting á þeim. M er einn til frásagnar um áfengisdrykkju sína eftir óhappið og ekkert í gögnum málsins gefur vísbendingu um að sú frásögn eigi við rök að styðjast. Hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi ekið allsgáður í umrætt sinn. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst hann því að lögum hafa verið óhæfur til aksturs sökum ölvunar. Telst það jafnframt orsök þess að hann ók A út af veginum og hún valt. Hefur M þannig valdið slysinu með háttsemi sem metin verður til stórkostlegs gáleysis. Af því leiðir að X losnar úr ábyrgð í heild vegna þess tjóns sem varð á A, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.